

Nd. 519. Frumvarp til laga

um eyðingu svartbaks og hrafns.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Næstu tvö ár (24 almanaksmánuði) eftir gildistöku laga þessara skal greiða eina krónu fyrir dráp hvers svartbaks (veiðibjöllu) og hvers hrafns.

Sá, er drepíð hefir vargfugla þá, er hér greinir, skal sanna það fyrir hreppstjóra, sýslumanni eða bæjarfógeta, vilji hann hljóta laun fyrir samkv. ákvæðum þessarar greinar.

2. gr.

Ríkissjóður greiðir laun þau, er 1. gr. ákveður. En sýsla og hreppur, sem vargfuglar þessir eru drepnir í, skulu greiða ríkissjóði: sýslan 25% og hreppurinn 20% af launinum. Auk þess skulu þeir, er æðardúnstekjur hafa, greiða ríkissjóði 50 auru fyrir hvert hreinsað kg. af æðardún, er þeim fellur næstu 5 ár eftir gildistöku laga þessara.

3. gr.

Sá, sem eyða vill svartbak eða hröfnum með skotum, má gera það hvar sem er. Þó má það ekki gera á friðlýstum varplöndum né í nánd þeim, né heldur á friðlýstum höfnum, nema leyft sé af þeim, er þar á að ráða.

4. gr.

Skylt er hverjum búanda að eyða eggjum svartbaks og hrafns á ábýlislandi sínu og öðrum þeim löndum, er hann ræður yfir, ef þess er kostur. Vanræksla þessarar skyldu varðar sektum, 50—300 kr. Sektir renna í sjóð sveitar þeirrar, er hlut á að máli.

5. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi, er frestað framkvæmd laga nr. 66 23. júní 1936.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.